



HÁSKÓLI ÍSLANDS



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA



Erlendir gestir í Borgarnesi sumarið 2017

Niðurstöður ferðavenjukönnunar

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir
2018

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2018

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurslóð, IS-600 Akureyri

Sími: (+354) 460 8930

Rafpóstur: rmf@unak.is

Veffang: www.rmfi.is

Titill: Erlendir gestir í Borgarnesi sumarið 2017: Niðurstöður ferðavenjukönnunar

Höfundur: Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir

Umbrot og teikningar: Blek hönnunarstofa - blekhonnun.is

Forsíðumynd: Borgarnes © Markaðsstofa Vesturlands

Kápa: Ásprent - Stíll og Rannsóknamiðstöð ferðamála

Númer: RMF S-16-2018

ISBN: 978-9935-437-82-2

ISSN: 1670-8857

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Erlendir gestir í Borgarnesi sumarið 2017


NIÐURSTÖÐUR FERÐAVENJUKÖNNUNAR

Rannsóknamiðstöð ferðamála hefur í samstarfi við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík staðið fyrir framkvæmd ferðavenjukönnunar meðal erlendra gesta á áfangastöðum frá árinu 2013. Með könnuninni er upplýsinga aflað um ferðahegðun og neyslu erlendra gesta á einstökum svæðum yfir sumartímann.

Upplýsingarnar gefa m.a. vísbendingu um ástæðu heimsóknar, dvalarlengd gesta, upplifun þeirra og svæðisbundin útgjöld.

Sumarið 2017 var könnunin framkvæmd á sex stöðum landsins, Húsavík, Mývatnssveit, Akureyri, Siglufirði, Borgarnesi og Reykjavík. Í þessari samantekt eru birtar niðurstöður könnunarinnar í Borgarnesi.

Verkefnið var fjármagnað af Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.



EFNISYFIRLIT

Aðferð	2
Búsetuland gesta	3
Gestakomur	4
Ferðafélagar	5
Fjöldi samferðamanna	6
Gisting	7
Gistinætur	8
Gistimáti	9
Tilgangur ferðar	10
Ástæða heimsóknar	11
Tímasetning ákvörðunar um heimsókn	12
Ferðamáti	13
Dvalarlengd	14
Afþreying og þjónusta	15
Ánægja	16
Útgjöld	17
Samantekt	18

Spurningakönnunin sem er grundvöllur þessarar rannsóknar einskordast við erlenda gesti í Borgarnesi sumarið 2017. Flestar spurninganna sem lagðar voru fyrir viðmælendur voru lokaðar þar sem svarendur merktu við þann svarmöguleika sem best átti við í þeirra tilfalli. Spurningar sem snéru að ástæðu heimsóknar, útgjöldum og athugasemdum voru opnar. Könnunin var á fjórum tungumálum, ensku, þýsku, frönsku og spænsku. Framkvæmd könnunarinnar var með rafrænum hætti þar sem þátttakendur svöruðu spurningunum á nettengdum spjaldtölvum. Könnunin var hýst hjá MMR sem sá um frumgreiningu gagna.

Ferðamenn voru spurðir út í heimsókn sína til staðarins og ferðahegðun meðan á dvöl þeirra í Borgarnesi stóð. Sérstaklega var spurt um útgjöld þeirra en þar var átt við þá upphæð sem greidd var fyrir kaup á neysluvörum og þjónustu sem og fyrir önnur verðmæti til eigin nota eða gjafa í sólarhring meðan á dvöl stóð. Það fól í sér útgjöld ferðamanna sem greidd voru af þeim sjálfum eða af öðrum fyrir þeirra hönd. Stuðst var við reglur þjóðhagsreikninga um einkaneyslu þar sem miðað er við að neyslan eigi sér stað við afhendingu þjónustu eða við eigendaskipti vöru hvort sem peningaleg greiðsla á sér stað um leið eða ekki.* Útgjöld vegna gistiþjónustu voru því metin þann sólarhring sem dvalið var á gististaðnum, vegna ferða þann sólarhring sem ferðin átti sér stað o.s.frv.

Búsetuland ferðamanna er ein af bakgrunnsbreytum könnunarinnar. Á nokkrum stöðum í skýrslunni er vísað í Breta, Bandaríkjamenn o.s.frv.

Þar sem niðurstöðurnar eru greindar eftir bakgrunnsbreytum. Er það gert til einföldunar en þar sem það á við er átt við ferðamenn með búsetu í Bretlandi, Bandaríkjunum o.s.frv.

Könnunin stóð yfir tímabilið 4. júlí til 21. ágúst og var framkvæmd frá kl. 9 til kl. 19. Lögð var áhersla á að dreifa gagnasöfnun jafnt yfir daginn og yfir vikuna. Spyrlar gengu um svæðið frá upplýsingamiðstöð ferðamanna niður að Englendingavík. Þeir óskuðu eftir þátttöku allra erlendra ferðamanna sem urðu á vegi þeirra. Alls voru 480 ferðamenn beðnir um að taka þátt í könnuninni. Af þeim samþykktu 406 þátttöku, eða 85% aðspurðra. Endanlegur fjöldi svara var yfir lágmarksstærð úrtaks miðað við 95% öryggismörk og +5% úrtaksskekkju. Meðalaldur svarenda var 40,5 ár, hlutfall kvenna var 55% og karla 45%. Um var að ræða úrtakskönnun og niðurstöðurnar ber að túlka sem vísbindingu um ákveðið ástand en forðast alhæfingar út frá þeim.


Framkvæmd könnunarinnar var háð því að gestir staðarins færu fótgangandi um rannsóknarsvæðið á þeim tíma sem könnunin var framkvæmd. Með því var útilokuð þátttaka þeirra sem komu til staðarins eftir kl. 19 á kvöldin og fóru þaðan fyrir kl. 9 um morguninn sem og þeirra sem fóru ekki fótgangandi um hið skilgreinda rannsóknarsvæði á meðan framkvæmd spurningakönnunarinnar stóð.

Við úrvinnslu gagnanna var notast jafnt við SPSS og Excel. Við útreikninga á útgjöldum gesta í erlendum gjaldmiðlum var notast við miðgengi Seðlabanka Íslands þann 15. júlí 2017.

*United Nations. (2010). The conceptual framework for tourism statistics - International Recommendations for Tourism Statistics 2008. Madrid: United Nations

Hvert er búsetuland þitt?


Flestir svarenda í Borgarnesi komu frá Bandaríkjunum. Hlutfall þeirra var um 17% sem er talsvert lægra en á landsvísu samkvæmt talningum ferðamanna á Keflavíkurflugvelli en þar var það 28% á sama tíma. Hlutfall gesta frá Þýskalandi var hins vegar hærra, eða 14% í Borgarnesi en 10% á landsvísu.* Á myndina vantar hlutfall gesta frá Hong Kong sem var 4% í Borgarnesi sumarið 2017 og hlutfall gesta frá Belgíu sem var 3%. Til að gera mögulegan samanburð við tölur á landsvísu flokkast þessi lönd með öðrum löndum sumarið 2017.



*Ferðamálastofa. [e.d.]. Brottfarir erlendra farþega um Keflavíkurflugvöll 2003-2018. Myndin sýnir búsetuland erlendra gesta í Borgarnesi og þjóðerni erlendra farþega um Keflavíkurflugvöll í júlí og ágúst 2017.

Gestakomur erlendra ferðamanna*


Þegar litið er til sömu landa og hér að framan í gestakomum Hagstofunnar má greina nokkuð svipað hlutfall og í könnuninni. Hlutfall gesta frá Þýskalandi var þó heldur hærra í tölum Hagstofunnar þar sem það mældist 19% en 14% í könnuninni. Hlutfall Bandaríkjamanna hefur hækkað úr 8% í 19% frá 2013 en hlutfall Þjóðverja lækkað úr 25% í 19%. Tölurnar einskorðast við sumarmánuðina þrjá.**



*Gestakomur erlendra ferðamanna í Borgarbyggð sumrin 2013-2017 (júni til ágúst).
 **Hagstofa Íslands (e.d.). Gistinætur og gestakomur á öllum tegundum gististaða eftir sveitarfélögum 2008-2017

Með hverjum ferðaðist þú?


Flestir þátttakenda voru á ferð með fjölskyldu og vinum [86%]. Um 5% svarenda voru í hópferð og 12% ferðuðust einir. Niðurstöðurnar á landsvísu voru nokkuð svipaðar.*



* Ferðamálastofa. (e.d.). Landamæra- og viðhorfskönnun: júlí og ágúst 2017. Hægt var að velja fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda.

Hversu margir ferðuðust með þér, að þér meðtöldum?


Algengast var að gestir ferðuðust tveir saman (43%). Í um 24% tilvika voru börn undir 18 ára aldri með í för. Á landsvísu voru börn undir 18 ára aldri meðal ferðafélaga í um 16% tilvika.*



* Ferðamálastofa. (e.d.). Landamæra- og viðhorfskönnun: júlí og ágúst 2017.


Dvaldir þú í Borgarnesi síðustu nótt eða munt þú dvelja þar í nótt?

Af þeim gestum sem heimsóttu Borgarnes ætluðu um 32% að dvelja yfir nótt. Hlutfallið var nokkuð svipað eftir búsetulöndum gesta.



Gistinætur erlendra ferðamanna*

Gistinóttum erlendra ferðamanna í Borgarbyggð hefur fjölgað talsvert undanfarin ár. Frá árinu 2013 hafa þær rúmlega tvöfaldast og voru 138 þúsund árið 2017. Nokkuð hefur þó hægt á aukningunni yfir sumartímann frá árinu 2015. Um 72% gistinátta voru frá maí til september 2017. Sama hlutfall var 83% árið 2013 svo vægi vetrargistingar hefur aukist nokkuð á tímabilinu.**




*Gistinætur erlendra ferðamanna í Borgarnesi eftir mánuðum 2013-2017.

**Hagstofa Íslands (e.d.). Gistinætur og gestakomur á öllum tegundum gististaða eftir sveitarfélögum 2008-2017

Hvaða gistaðstöðu nýttir þú þér í Borgarnesi?

Af þeim sem dvöldu yfir nótt í Borgarnesi gistu flestir á tjaldsvæðum eða alls um 40% ferðamanna sem er talsvert hærra hlutfall en meðaltal tjaldsvæðagistingar á landsvísu. Af þeim gistu 32% í tjaldi en 8% völdu annan gistimáta s.s. húsbíl eða hjólhýsi. Um 24% gistu á gistiheimilum, 8% á hótelum og 9% gistu á farfuglaheimilum. Til einkagistingar telst m.a. Airbnb og heimagisting en 5% völdu þann kost sem er talsvert lægra hlutfall en á landsvísu.*




* Ferðamálastofa. (e.d.). Landamæra- og viðhorfskönnun: júlí og ágúst 2017. Svör þeirra sem dvöldu ekki yfir nótt eru undanskilin niðurstöðunum. Hlutföllin reiknast af heildarfjölda svara.

**Í könnun Ferðamálastofu er hlutfall hótela og gistiheimila tekið saman og því er samanburður með þessum hætti hér.

Hver er megintilgangur heimsóknar þinnar til Borgarness?

Langflestir sögðu megintilgang heimsóknar sinnar til Borgarness vera frí eða alls um 94% gesta. Það er nokkuð svipað hlutfall og í könnun Ferðamálastofu á Keflavíkurflugvelli.* Hlutfall þeirra sem komu í öðrum tilgangi var einnig mjög svipað og á landsvísu.




* Ferðamálastofa. [e.d.]. Landamæra- og viðhorfskönnun: júlí og ágúst 2017

Um var að ræða fjölvalsspurningu. Niðurstöður eru birtar sem hlutfall af heildarfjölda svara líkt og í landamæraökönnun Ferðamálastofu.

Vinsamlegast tilgreindu ástæðu þess að Borgarnes varð fyrir valinu sem áfangastaður


Flestir þátttakenda (36%) sögðu heimsókn sína til Borgarness vera part af lengri ferð um Ísland. Næst flestir (14%) nefndu söfn sem meginástæðu heimsóknar og þar af nefndu 9% sérstaklega Landnámssetrið. Um 10% ferðamanna komu til að versla, um 9% sögðu staðinn einfaldlega vera fallegan eða áhugaverðan og sama hlutfall kom vegna meðmæla. Meðmælin fengu ferðamenn m.a. úr ferðabókum, frá ferðaskrifstofum og vinum. Um 8% ferðamanna kom til að sækja sér upplýsingar, um 5% til að kaupa veitingar og 4% nefndu staðsetningu bæjarins og afþreyingu sem meginástæðu heimsóknar. Færri en 5% nefndu aðrar ástæður en þær voru m.a. saga og menning, samgöngur, gönguferð og veiði*



*Spurningin var opin og svarendur skrifuðu ástæðu sem niðurstöðurnar eru greindar út frá. Í einhverjum tilvikum voru fleiri en ein ástæða og því eru svör fleiri en svarendur.

Hvenær tókst þú ákvörðun um að heimsækja Borgarnes?


Ferðamenn í Borgarnesi virtust almennt hafa ákveðið að heimsækja staðinn eftir að þeir komu til Íslands eða alls í um 41% tilvika. Um 34% sögðust einungis hafa komið við á leið sinni annað og því væri ekki um eiginlega ákvörðun að ræða. Alls sögðust 30% ferðamanna hafa ákveðið heimsóknina áður þeir komu til landsins og 0,2% sögðu heimsóknina til staðarins vera meginástæðu Íslandsferðarinnar.*



*Nokkrir aðspurðra nefndu fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda.


Hvernig ferðaðist þú til Borgarness?

Langflestir ferðuðust til Borgarness með bílaleigubílum eða um 72% gesta. Um 10% notuðu áætlunarrútu (s.s. Strætó) og um 8% ferðuðust með einkabíl. Um 6% ferðuðust á putt anum og um 5% með hópferðabíl. Annar ferðamáti telst t.d. reiðhjól og mótórhjól.



Hversu lengi telur þú að dvöl þín í Borgarnesi muni vara?


Meðaldvalarlengd erlendra gesta í Borgarnesi var um 11,1 klst. Um helmingur gesta dvaldi á staðnum í 0-3 klst. Meðaldvalarlengd dagsgesta var 2,8 klst. og næturgesta 28 klst. Bandaríkjamenn dvöldu að meðaltali í 9,6 klst. en Þjóðverjar í 13,3 klst. og Frakkar í 11,5 klst.



Hvaða þjónustu / afþreyingu hyggst þú nýta þér í Borgarnesi?


Flestir ætluðu að fara á söfn meðan á dvöl þeirra stóð eða alls um 33% gesta. Um 29% sögðust ætla í sund og 15% að smakka mat úr héraði. Um 13% gesta ætluðu í gönguferð og 4% að skoða fugla. Færri nefndu aðra þætti en þeir voru m.a. hestaferð, veiði og útsýnisflug.

Um 39% Bandaríkjamanna ætlaði á söfn en 29% Þjóðverja og 28% Frakka. Gönguferðir voru vinsælar meðal Frakka þar sem 31% þeirra ætluðu að ganga um svæðið. Heldur minni áhugi var meðal Bandaríkjamanna (13%) og Þjóðverja (16%) á gönguferð.



Hversu ánægð/ur ert þú með heimsókn þína til Borgarness?

Alls sögðust 30% gesta vera mjög ánægðir með heimsókn sína til Borgarness og 57% gesta voru ánægðir. Um 13% sögðust hvorki vera ánægðir né óánægðir, um 0,2% voru óánægðir en enginn mjög óánægður. Á skalanum 1-5 var ánægjustig gesta 4,17.* Ánægjustigið var nokkuð jafnt á milli búsetulanda þar sem Bandaríkjamenn mældust með 4,3 og Frakkar og Þjóðverjar með 4,1.




*„Mjög óánægðir“ fengu gildið 1 og „mjög ánægðir“ gildið 5

Vinsamlegast áætlið sólarhringsútgjöld ykkar í Borgarnesi eftir útgjaldaliðum

Meðalútgjöld erlendra gesta á sólarhring voru 9.212 kr.* Upphæðin reiknast á alla svarendur óháð því hvort þeir greiddu fyrir vörur og þjónustu eða ekki. Útgjöldin voru hæst í flokki verslunar en um 73% aðspurðra keyptu matvörur meðan á dvöl stóð og 25% aðrar vörur í verslunum bæjarins. Alls keyptu 53% þátttakenda veitingar, 31% menningartengda þjónustu, um 24% greiddu fyrir afþreyingu og 31% fyrir gistingu.

Til afþreyingar teljast m.a. gönguferðir með leiðsögn, hestaferðir skoðunarferðir og sund. Til menningar teljast m.a. söfn, gallerí, sýningar og tónleikar. Útgjöld vegna samgangna eru m.a. eldsneyti, leigubílar og annar akstur innan bæjarins.

Meðalútgjöld Frakka og Þjóðverja voru um 8.000 kr. á sólarhring en útgjöld Bandaríkjamanna heldur hærri eða tæpar 12.000 kr. Munar þar mestu um útgjöld vegna menningartengdrar þjónustu og afþreyingar en þeir liðir voru nokkuð hærri meðal gesta frá Bandaríkjunum. Útgjöld vegna gistingar voru einnig hærri meðal Bandaríkjamanna þó þeir væru ólíklegri til að dvelja yfir nótt á staðnum. Markast það af dýrara vali á gistiþjónustu, s.s. hótélum, gistiheimilum og einkagistingu á meðan Frakkar og Þjóðverjar voru líklegri til að dvelja á tjaldsvæðum bæjarins.



*Útgjöldin miðast við miðgengi Seðlabanka Íslands 15. júlí 2017

Borgarnes býr að áhugaverðri sögu og góðri staðsetningu sem áfangastaður erlendra ferðamanna. Þeir heimsækja staðinn helst til að versla og skoða söfn en flestir segjast þó vera á lengri ferð um landið og koma við á leið sinni annað. Þetta er meðal þess sem kemur fram í niðurstöðum könnunarinnar.

Sumarið 2017 dvöldu ferðamenn að meðaltali í um 11 klst. í Borgarnesi og um þriðjungur þeirra gisti yfir nótt. Algengasti gistimátinn var tjaldsvæði (40%) og gistiheimili (24%). Um 72% gistinátta erlendra ferðamanna í Borgarbyggð var frá maí til september 2017 svo árstíðasveiflan er talsverð á staðnum. Sama hlutfall var 83% árið 2013 svo vægi vetrargistingar hefur þó aukist nokkuð á tímabilinu. Meðalútgjöld ferðamanna voru um 9.200 kr. á sólarhring í Borgarnesi og hæstu útgjaldaliðirnir voru vegna verslunar. Alls greiddu 31% ferðamanna fyrir gistingu, um 53% fyrir veitingar og 24% fyrir afþreyingu. Útgjöld ferðamanna frá Bandaríkjunum voru töluvert hærra en ferðamanna frá Þýskalandi og Frakklandi. Munaði þar mestu um útgjöld vegna menningartengdrar þjónustu og afþreyingar en bandarískir ferðamenn eyddu meira í þessa liði en aðrir.

Um 30% ferðamanna tók ákvörðun um að heimsækja Borgarnes áður en þeir komu til Íslands. Heldur fleiri (41%) ákváðu að heimsækja staðinn eftir að þeir komu til

landsins og rúmur þriðjungur ferðmanna sagðist einungis hafa komið við í Borgarnesi á leið sinni annað.

Í langflestum tilvikum (94%) var megintilgangur ferðarinnar frí og ferðafélagarnir fjölskylda og vinir (86%). Um 5% ferðamanna voru í hópferð og 12% ferðuðust einir. Bílaleigubílar voru vinsælasti ferðamátinn þar sem 72% gesta valdi þann kost. Flestir ferðuðust tveir saman í hópi og í um 24% tilvikum voru börn með í för.

Um þriðjungur ferðamanna ætlaði að heimsækja söfn bæjarins og um 29% ætlaði í sund. Alls sögðust 15% gesta ætla að smakka mat úr héraði og 13% ætluðu í gönguferð meðan á dvöl stóð.

Almenn ánægja var meðal ferðamanna með dvölinu í Borgarnesi þar sem 30% sögðust vera mjög ánægðir og 57% ánægðir. Þó sögðust 13% gesta hvorki vera ánægðir né óánægðir. Á skalanum 1-5 mældist ánægjustigið 4,17.

Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingu um stöðu ákveðinna þátta ferðaþjónustu í Borgarnesi sumarið 2017. Varast ber að alhæfa út frá niðurstöðunum en engu að síður eru þessar upplýsingar ásamt öðrum áreiðanlegum gögnum í ferðaþjónustu mikilvægt púsl í heildarmynd atvinnugreinarinnar á landsvísu.